

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2016, miðvikudaginn 28. september kl. 9:05, var haldinn 163. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Kerhólum. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Gísli Garðarsson, Halldór Halldórsson, Hildur Sverrisdóttir, Stefanía Sverrisdóttir og Sigurborg Ó Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Músson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Stefán Finnsson, Magnús Ingi Erlingsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari er Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 23. september 2016.

2. **Aðalskipulag Reykjavíkur, Norðlingaholt, (04.79)** Mál nr. SN160726
breyting á aðalskipulagi

Lögð fram drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. september 2016, að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna Norðlingaholts. Í tillögunni felst breytt landnotkun úr athafnasvæði (AT3) í íbúðarbyggð (ÍB47), fjölgun íbúða og skilgreining nýs byggingarreits íbúðarhúsnæðis.

Samþykkt að kynna drög að tillögu í samræmi við 2. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Kl. 9:18 tekur Sverrir Bollason sæti á fundinum.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Stefanía Sverrisdóttir bókar.

„Framsókn og flugvallarvinir greiða atkvæði gegn breytingartillögunni á aðalskipulagi þar sem við teljum að hún fari ekki nógu langt í aukningu á byggingarmagni á reitunum sem verið er að breyta. Sú kynning sem fram fór í umhverfis- og skipulagsráði sýnir fram á meiri möguleika til enn meira byggingarmagns, þar sem Reykjavíkurborg hefur fjárfest mikið í innviðum í hverfinu og um barnvænt hverfi er að ræða.

Sú staðreynd að uppsöfnuð er amk 6 ára byggingarþörf á höfuðborgarsvæðinu og félagslegum markmiðum húsnæðisstefnu Reykjavíkur hefur hvergi nærri verið náð, þá teljum við einsýnt að auka þurfi enn byggingarmagnið á þessu svæði.“

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson og Hildur Sverrisdóttir bóka: “Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Halldór Halldórsson og Hildur Sverrisdóttir, telja það jákvætt að þetta byggð í hverfinu en benda á að atvinnulíf þarf sitt rými og ekki veitir af fleiri atvinnutækifærum í austanverðri borginni og svæðum fyrir atvinnulífið almennt í borginni. Þess vegna er mikilvægt að það svæði sem skilgreint er sem atvinnusvæði meðfram Suðurlandsvegi geti tekið við því atvinnuhúsnæði sem annars yrði á þeim stað meðfram Breiðholtsbraut sem nú er tillaga um að verði fyrir íbúðabyggð.”

Vísað til borgarráðs.

Haldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Ellidabraut 4-6, 8-10 og 12, breyting á deiliskipulagi** (04.772.3) Mál nr. SN160659
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Plúsarkitekta mótt 31.ágúst 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóða nr. 4-6, 8-10 og 12 við Elliðabraut. Í breytingunni felst að þar sem áður var gert ráð fyrir atvinnuhúsnæði er nú gert ráð 1-4 hæða íbúðarhúsnæði, skv. uppdráttum Plúsarkitekta ehf., dags. 9. september 2016. Byggingarmagn og hámarkshæð mannvirkja er óbreytt.

Kynnt.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Stefanía Sverrisdóttir bókar.

„Framsókn og flugvallarvinir telja það miður að ekki hafi verið tekið tillit til bókunar okkar á fundi usk þann 7. september sl, þar sem við hvöttum til þess að byggingarmagn yrði aukið enn frekar á þessum reitum sem nú er verið að breyta. Ljóst er að markmiðum húsnæðsstefnu Reykjavíkurborgar er hvergi nærri náð og því nauðsynlegt að bregðast við húsnæðiseklu með því að auka byggingarmagn á þeim svæðum þar sem unnið er að breytingu á skipulagi, svo að ekki sé endalaust gert ráð fyrir auknum fólksfjölda vestan Elliðaáa, heldur á fjölskylduvænum hverfum innan borgarmarkanna. Að öðru leyti vísuð við til bókunar okkar undir lið 2, hér að ofan.“

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson og Hildur Sverrisdóttir bóka: “Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Halldór Halldórsson og Hildur Sverrisdóttir, telja það jákvætt að þetta byggð í hverfinu en benda á að atvinnulíf þarf sitt rými og ekki veitir af fleiri atvinnutækifærum í austanverðri borginni og svæðum fyrir atvinnulífið almennt í borginni. Þess vegna er mikilvægt að það svæði sem skilgreint er sem atvinnusvæði meðfram Suðurlandsvegi geti tekið við því atvinnuhúsnæði sem annars yrði á þeim stað meðfram Breiðholtsbraut sem nú er tillaga um að verði fyrir íbúðabyggð.”

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Hafnarstrætisreitur 1.118.5, breyting á** (01.118.5) Mál nr. SN140356
deiliskipulagi

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs varðandi breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna Hafnarstrætisreits 1.118.5. Í breytingunni felst að spennistöð á torgi er flutt yfir á horn Pósthússtrætis og Tryggvagötu, samkvæmt uppdr. Landmótunar sf. dags. 29. ágúst 2014. Einnig er lögð fram umsögn Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 9. október 2014.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til borgarráðs.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Kjalarnes, Hof, lýsing** Mál nr. SN160598
500299-2319 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Landslags ehf., mótt. 9. ágúst 2016, ásamt lýsingu, dags. 17. maí 2016, vegna fyrirhugaðar vinnu við deiliskipulag sem afmarkast af 15 ha. svæði, hluti af spildu úr Hofslandi I við Esjurætur á Kjalarnesi. Markmiðið með deiliskipulaginu er að byggja upp aðstöðu til að þjóna göngu- hesta- og reiðhjólamönnun með salernisaðstöðu, hesta- og farangursskýli auk möguleika á kaffisölu og aðstöðu fyrir starfsfólk. .

Lýsing samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt að vísa lýsingunni til umsagnar Skipulagsstofnunar, Veðurstofu Íslands, Borgarsögusafn Reykjavíkur, Vegagerðarinnar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Landssambands hestamanna, Reiðveganeftndar, Hestamannafélagsins Harðar og Hverfisráðs Kjalarnes.

Vísad til borgarráðs

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Kjalarnes, Hrafnhólar, lýsing** (35.2) Mál nr. SN160657
061159-2319 Arnór Víkingsson, Þinghóltsstræti 16, 101 Reykjavík
251259-2759 Salvör Jónsdóttir, Bandaríkin,
Lögð fram umsókn Salvarar Jónsdóttur, mótt. 1. september 2016, ásamt lýsingu dags. 31. ágúst 2016 á deiliskipulagsverkefni Hrafnhóla á Kjalarnesi vegna fyrirhugaðrar vinnu við gerð deiliskipulags fyrir hluta jarðarinnar. Í lýsingunni er gerð grein fyrir áformum varðandi notkun á jörðinni.
Lýsing samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt að vísa lýsingunni til umsagnar Skipulagsstofnunar, Væðurstofu Íslands, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Vegagerðarinnar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Hverfisráðs Kjalarnes, Mosfellsbæ og Umhverfisstofnunar Vísad til borgarráðs

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. **Sundabakki 2 og 4, breyting á deiliskipulagi** (01.332.1) Mál nr. SN160703
681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn VSÓ ráðgjafar, dags. 19. september 2016 um breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða vegna lóðanna Sundabakka 2 og 4. Í breytingunni felst að sameina lóðirnar, samkvæmt uppd. Arkís arkitekta ehf., dags. 22. ágúst 2016. Einnig lagt fram bréf Eimskips, dags. 12. september 2016 og bréf Faxaflóahafna, dags. 12. september 2016.
Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs. Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmunum annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Skipholt 11-13, breyting á deiliskipulagi** (01.242.3) Mál nr. SN160611
530906-0940 RR hótél ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
161288-2339 Björn Þór Karlsson, Maríubakki 22, 109 Reykjavík
Lögð fram umsókn Björns Þórs Karlssonar f.h. RR Hótel ehf., mótt. 15. ágúst 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 11-13 við Skipholt. Í breytingunni felst að heimilað verður að vera með íbúðagistingu (gististað í flokki II) á þriðju hæð hússins á lóð nr. 11-13 við Skipholt. Einnig er lagt fram bréf Björns Þórs Karlssonar f.h. RR Hótel ehf., dags. 15. ágúst 2016 og samþykki meðlóðarhafa, dags. 18. apríl 2016 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2016.
Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2016. Vísad til borgarráðs.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **Lindargata 60, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN160510
701205-2000 Tvíeyki ehf., Skildinganesi 11, 101 Reykjavík
101069-5249 Davíð Kristján Chatham Pitt, Skildinganes 11, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Tvíeyki ehf. dags. 22. júní 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar að Lindargötu 60 samkv. uppd. Davíðs Pitt dags. 15. maí 2016. Í breytingunni felst að notkunarskilmálar og starfsemi á lóð verði breytt. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2016.
Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2016. Vísad til borgarráðs.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. **Suðurlandsbraut 18, breyting á** (01.264.0) Mál nr. SN160588
deiliskipulagi
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Ask arkitekta ehf., mótt. 3. ágúst 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar - Ármúla vegna lóðarinnar nr. 18 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst að hækka bakhús um eina hæð eða í 5 hæðir, sambærilegt með núverandi framhúsi, skv. uppdrætti ASK arkitekta ehf., dags. 3. ágúst 2016.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

11. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423
Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 893 frá 27. september 2016.

12. **Básendi 5, Útitröppur, svalir, breyting inni** (01.824.203) Mál nr. BN051283
230265-5269 Þröstur Guðmundsson, Básendi 5, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem sótt er um leyfi til að breyta aðalinngangi og útitröppum og loka rými undir tröppum, ásamt því að gera svalir á suðurhlíð með tröppum niður í garð við einbýlishúsið á lóð nr. 5 við Básenda. Ennfremur er sótt um leyfi til að breyta burðarveggjum innandyra. Erindi var grenndarkynnt frá 10. ágúst til og með 7. september 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, dags. 11. ágúst 2016. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á fundi skipulagsfulltrúa 9. september 2016 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2016.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. júlí 2016 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júlí 2016.

Stækkun A-rými 7,7 ferm., 16,4 rúmm. Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 14. júní 2016. Gjald kr. 10.100

Umhverfis- og skipulagsráðs tekur neikvætt í fyrirspurnina með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2016.

Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Kl. 11:08 víkur Hildur Sverrisdóttir af fundi, Herdís Anna Þorvaldsdóttir tekur sæti á fundinum á sama tíma, þá var einnig búið að afgreiða lið nr. 14. í dagskránni.

13. **Klapparstígur 26, bæta við sólskála** (01.171.106) Mál nr. BN051533
570200-2590 Fasteignafélagið Höfn ehf, Aðalstræti 6, 101 Reykjavík
450905-1430 Miðbæjarhótel/Centerhotels ehf., Aðalstræti 6, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. ágúst 2016 þar sem sótt er um leyfi til að byggja sólskála á 1. hæð, bæta við svölum á bakhlið, stækka herbergi, breyta fyrirkomulagi á 1. hæð og bæta við einu gistiherbergi ásamt því að flytja morgunverðareldhús niður í kjallara í hóteli á lóð nr. 26 við Klapparstíg. Erindinu var

vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 23. september 2016.
Stækkun A-rými 108,5 ferm., 240,6 rúmm. B-rými x ferm., x rúmm. C-rými x ferm.
Gjald kr. 10.100

Umhverfis- og skipulagsráðs tekur neikvætt í fyrirspurnina með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. september 2016.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

14. **Úlfarsbraut 78, Einbýlishús** (02.698.308) Mál nr. BN051574
180175-3939 Sighvatur Rúnarsson, Maríubaugur 83, 113 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. ágúst 2016 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu og aukabúð á lóð nr. 78 við Úlfarsbraut. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. september 2016.

Stærð: A-rými 293,3 ferm., 946,1 rúmm. B-rými: 18,6 ferm. Gjald kr. 10.100

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. september 2016.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(C) Fyrirspurnir

15. **Bragagata 35 og Freyjugata 16, (fsp)** (01.186.2) Mál nr. SN160558
niðurrif og uppbygging
170753-3139 Sigurður Hallgrímsson, Stórákur 7, 210 Garðabær
440213-1460 Klettur byggingafélag ehf., Lækjarfit 11, 210 Garðabær

Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Hallgrímssonar, mótt. 7. júlí 2016, varðandi niðurrif og uppbyggingu á lóðunum nr. 35 við Bragagötu og 16 við Freyjugötu, samkvæmt tillögu Arkþings ehf., ódags. Einnig lögð fram umsögn Minjastofnunar, dags. 4. júlí 2016 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. september 2016.

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Sverrir Bollason, fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundóttir og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísli Garðarsson, greiða atkvæði gegn fyrirspurninni með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags, 26. september 2016.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir og fulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina Stefanía Sverrisdóttir greiða atkvæði með fyrirspurninni og bóka:

“Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Halldór Halldórsson og Herdís Þorvaldsdóttir og fulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina Stefanía Sverrisdóttir, telja tillögu að uppbyggingu á lóðunum nr. 35 við Bragagötu og nr. 16 við Freyjugötu falla vel að þeirri byggð sem fyrir er. Auk þess hefur Minjastofnun lagt fram þá umsögn að hún geri ekki athugasemd við niðurrif þeirra tveggja húsa sem fyrir eru. Þau hús eru illa farin og því er betra í þessu tilfelli að byggja nýtt frekar en að byggja við og ofan á þau.”

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Sverrir Bollason, fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísli Garðarsson og áheyrnarfulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir bóka:

„Fulltrúar Samfylkingar, Vinstri grænna, Bjartrar framtíðar og Pírata telja að húsverndarsjónarmið og varðstaða um byggðamynstur gömlu Reykjavíkur verði að vera í forgangi þegar þess er kostur. Bragagata 35 og Freyjugata 16 taka þátt í að

skapa það byggðamynstur sem þau standa í og þarf uppbygging á lóðunum að vera á forsendum þeirra.“

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

16. **Hverfisgata 53 og 55, Vatnsstígur 10a og 12, reitur 1.152.5, (fsp) aukið byggingsarmagn** (01.152.5) Mál nr. SN160546
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, mótt. 5. júlí 2016, um gerð deiliskipulags sem tekur til lóðanna nr. 53 og 55 við Hverfisgötu og 10A og 12 við Vatnsstíg við sömu götu sem felst í auknu byggingsarmagni á öllum lóðunum, sbr. tillögu Hornsteina arkitekta ehf., dags. 28. júní 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. september 2016.
Umhverfis- og skipulagsráðs tekur neikvætt í fyrirspurnina með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 26. september 2016.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

17. **Norðurbrún 2, (fsp) ofanábygging** (01.352.5) Mál nr. SN160654
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn THG arkitekta ehf., mótt. 30. ágúst 2016, um að byggja ofan á núverandi hús á lóð nr. 2 við Norðurbrún, samkvæmt tillögu THG arkitekta ehf., ódags. Einnig er lagt fram bréf Freys Frostasonar arkitekts hjá THG arkitektum ehf., dags. 30. ágúst 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2016.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2016 samþykkt

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

18. **Vesturgata 6-10A, (fsp) breyting á notkun/innra skipulagi** (01.132.1) Mál nr. SN160651
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn THG arkitekta ehf., mótt. 29. ágúst 2016, varðandi breytingu á notkun húsanna á lóð nr. 6-10A við Vesturgötu sem felst í rekstri verslana og veitingastaða á jarðhæð/kjallara húsanna og gistirýma á efri hæðum, samkvæmt uppdr. THG arkitekta ehf., dags. 15. ágúst 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2016.
Umhverfis- og skipulagsráðs tekur jákvætt í fyrirspurnina með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2016.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

19. **Sorpa bs., fundargerð** Mál nr. US130002
Lögð fram fundargerð Sorpu bs. nr. 366 frá 21. september 2016.
20. **Sorpa, Endurnýjuð kostnaðaráætlun** Mál nr. US160227
Kynnt endurnýjuð kostnaðaráætlun ársins 2016 fyrir endurvinnslustöðvar Sorpu og sveitarfélaganna dags. 31. maí 2016.
21. **Gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi, staða** Mál nr. US140012

mála og næstu skref

Kynnt staða mála og næstu skref varðandi Gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi .
Björn Halldórsson framkv.stj. Sorpu og Halldór Auðar Svansson kynna

Eygerður Margrétardóttir deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

22. **Freyjutorg, niðurgrafnar grenndarstöðvar** Mál nr. US160232

Lögð fram frumdrög umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. janúar 2016 að hönnun Freyjutorgs og niðurgrafinni grenndarstöð.
Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að hafin verði vinna við gerð deiliskipulags í samræmi við kynnt frumdrög.

Rúnar Gunnarsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

23. **Klambratún, framkvæmdir haustið 2016** Mál nr. US160229

Kynntar fyrirhugaðar framkvæmdir á Klambratúni haustið 2016.

Kynnt.

Ólafur Ólafsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

24. **Vistvangur höfuðborgarsvæðisins, ósk um þátttöku Reykjavíkurborgar (USK2016090016)** Mál nr. US160225

Lagt fram bréf samtaka Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs, dags. 8. september 2016, þar sem óskað er eftir þátttöku Reykjavíkurborgar í vistvangi Höfuðborgarsvæðisins sem staðsett er í landi Hafnafjarðar suður í Krýsuvík. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, umhverfisgæða dags. 16. september 2016.
Frestað.

Þórólfur Jónsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

25. **Betri Reykjavík, leið 5 aki á 15 mín fresti á álagstímum (USK2016080010)** Mál nr. US160206
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "leið 5 aki á 15 mín fresti á álagstímum" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 12. ágúst 2016. Erindið var önnur efsta hugmynd júlímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum samgöngur. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgögnur 15. september 2016.
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur 15. september 2016 samþykkt.

26. **Betri Reykjavík, láta strætó ganga 1 hring kl. 12 og annan kl. 1** Mál nr. US160208
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "láta strætó ganga 1 hring kl. 12 og annan kl. 1" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 12. ágúst 2016. Erindið var fimmta efsta hugmynd júlímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum samgöngur. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 15. september 2016.
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur 15. september 2016 samþykkt.

27. **Unnarstígur 2, kæra 122/2016** (01.137.0) Mál nr. SN160685
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 13. september 2016 ásamt kæru, dags. 13. september 2016 þar sem kært er byggingarleyfi fyrir framkvæmdum á lóð nr.2 við Unnarstíg, og ákvörðun byggingarfulltrúa að aflétta verkbandi á framkvæmdum á sameiginlegri lóð Unnarstígs 2 og 2A. Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða.

29. **Tillaga, umhverfis- og skipulagsráðs** Mál nr. US160237
aksturstími Strætó

Farið verði á leit við stjórn Strætó bs að gera kostnaðar- og ábatamat á því að aksturstími Strætó verði til kl. 1 virka daga og laugardagskvöld. Einnig að lögð verði drög að því að kanna fýsileika næturaksturs um helgar (aðfararnótt laugardags og sunnudags) á stofnleiðum frá kl.1.30 á hálf tíma eða klukkustundar fresti til kl. 4.

Lengi vel á 9. og 10. áratugnum gátu íbúar Reykjavíkur gengið að því vísu að geta tekið strætisvagn heim eftir menningarviðburði og var þó menningardagskrá borgarinnar og gestafjöldi mun takmarkaðri þá en það sem nú er. Það ætti ekki að vera skilyrði að fara akandi á eigin bíl eða taka kostnaðarsaman leigubíl heim ef kvöldskemmtun lýkur nærri miðnætti. Þáttaka í menningarviðburðum og rómuðu skemmtanalífi borgarinnar ættu ekki að vera forréttindi þeirra sem búa nærri miðborginni eða hafi ráð á leigubílum. Þá verður ekki litið framhjá því að margt vinnandi fólk sem vinnur vaktir eða á ótýpískum tíma sólarhrings getur farið á mis við kosti þess að nota strætó á leið til eða frá vinnu ef aksturstíma er þröngt sniðinn stakkur. Markmið Strætó og Reykjavíkurborgar ætti að vera að gera bíllausan lífsstíl mögulegan allan sólarhringinn.

Tillagan samþykkt.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:35

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir
Gísli Garðarsson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Sverrir Bollason
Halldór Halldórsson
Stefanía Sverrisdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2016, þriðjudaginn 27. september kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 893. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Skúli Þorkelsson, Harri Ormarsson, Nikulás Úlfar Másson, Björn Kristleifsson, Eva Geirsdóttir og Jón Hafberg Björnsson
Fundarritari var Harri Ormarsson

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Aðalstræti 7** (01.140.415) 100856 Mál nr. BN051642
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkurlflugvelli, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047437, m.a. er hætt við að lyfta húsi, aðalinngangur verður sameiginlegur með Vallarstræti 4, stækka kjallara og stigahús og breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 7 við Aðalstræti.
Stærð var: 1.104,6 ferm., 3.461,3 rúmm.
Stærð verður: 1.183,5 ferm., 3.643,2 rúmm.
Stærðarbreyting: 78,9 ferm., 181,9 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
- Ásvallagata 15** (01.162.302) 101275 Mál nr. BN051684
051065-4689 Vigdís Gunnarsdóttir, Frakkastígur 5, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að síkka glugga og setja stálhandrið fyrir framan og útbúa þannig franskar svalir á íbúð í kvisti á suðurhlið fjöleignahúss á lóð nr. 15 við Ásvallagötu.
Meðfylgjandi er samþykki meðeigenda.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
- Bakkastaðir 45** (02.421.103) 178891 Mál nr. BN051467
041262-5329 Ingólfur Geir Gissurarson, Breiðavík 21, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN050852 þannig að lækkað er bílskúrgólf um 60 sm og inngangur verði inn í þvottaherbergi en ekki inn í anddyri hússins á lóð nr. 45 við Bakkastaði.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. september 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. september 2016.
Stækkun er 36,9 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
- Bankastræti 2** (01.170.101) 101328 Mál nr. BN051011
571212-0210 FÍ Fasteignafélag slhf., Amtmannsstíg 1, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi 1. og 2. hæðar þannig að stigi á milli hæða í mhl 02 er fjarlægður, koma fyrir eldhúsi í rými 0201 mhl. 02, fjarlægja salerni þar, koma fyrir hjólastólalyftu í stigagangi og koma fyrir fjórum salernum fyrir 120 gesti í veitingarstaðnum í fl. II í húsinu á lóð nr. 2 við Bankastræti.

Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 3. júlí 2016 og 20. júlí 2016 fylgja erindi, einnig greinargerð brunahönnuðar dags. 22. ágúst 2016 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 26. ágúst 2016.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits á umsóknarblaði.

5. **Barmahlíð 38** (01.710.103) 107143 Mál nr. BN051666
190265-4559 Helgi Magnús Hermannsson, Barmahlíð 38, 105 Reykjavík
280391-2049 Ólafur Örn Helgason, Brekkugata 20, 220 Hafnarfjörður
Sótt er um leyfi til að færa eldhús og breyta innréttingum á 1. hæð, færa bað og breyta innréttingum í kjallara, breyta stofugluggum í hurð út á nýja verönd fyrir utan kjallaraíbúð í fjöleignahúsi á lóð nr. 38 við Barmahlíð.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
6. **Barónsstígur 43** (01.191.119) 102505 Mál nr. BN050224
140487-2879 Ágústa Fanney Snorradóttir, Vindakór 4, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að skrá íbúðareign 0001 sem ósamþykkt íbúð í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 43 við Barónsstíg.
Meðfylgjandi er bréf umsækjanda ódagsett, einnig íbúðarskoðun, söluyfirlit og virðingargjörð.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
7. **Bárugata 29** (01.135.405) 100483 Mál nr. BN050969
240750-3179 Kolbeinn Árnason, Bárugata 29, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka kvisti og hækka lofthæð þar í fjölbýlishúsi á lóð nr. 29 við Bárugötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. maí 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2016 og umsagnir Minjastofnunar Íslands dags. 8.6. 2016 og önnur dags. 24.8. 2016 og bréf arkitekts dags. 30.8. 2016.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. september 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2016.
Samþykki allra meðeigenda í húsinu þarf að liggja fyrir og fylgja erindinu.
Stærð: xxx
Gjald kr. 10.100
Synjað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2016.
8. **Bjarkargata 6** (01.143.114) 100962 Mál nr. BN051676
661005-1490 S8 ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að fjarlægja skála við suðurhlíð og byggja í hans stað steinsteyptar svalir á húsi nr. 6 við Bjarkargötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. september 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2016.
Minnkun: x ferm., x rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
9. **Bleikjukvísl 18** (04.235.304) 110899 Mál nr. BN051697

010873-2239 Tina Petersen, Bleikjukvísl 18, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja sólskála með bárumálmklæðningu á þaki og með arni á vesturhlið hússins á lóð nr. 18 við Bleikjukvísl.
Stækkun er: 16,7 ferm., 54,6 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

10. **Borgartún 7** (01.216.305) 102761 Mál nr. BN051589
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7, 150 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050067, m.a. stækkar skjalageymsla í kjallara, fundarherbergjum á 1. hæð og gluggum er breytt á vestur- og austurhlið húss á lóð nr. 7 við Borgartún.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
11. **Brúnaland 2-40 3-21** (01.852.002) 108765 Mál nr. BN051663
220352-2779 Kristín Auður Sophusdóttir, Ánaland 6, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að grafa út kjallara og gera tómsundaherbergi og geymslu í raðhúsi á lóð nr. 21 við Brúnaland.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. september 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2016.
Samþykki meðeigenda á lóð dags. 06.09.2016 fylgir erindi.
Gjald kr. 10.100
Synjað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2016.
12. **Dyngjuvegur 14** (01.384.203) 104900 Mál nr. BN051709
690113-0820 VIP Travel ehf., Beykhlíð 8, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að rífa einbýlishús á lóð nr. 14 við Dyngjuveg.
Niðurrif: 258,5 ferm., 640 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
13. **Fellsvegur** (05) Mál nr. BN051733
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir göngubrú í Úlfarsárdal við Fellsveg.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
14. **Frakkastígur 9** (01.173.029) 101516 Mál nr. BN051717
041265-4189 Rakel Steinarsdóttir, Skólavörðustígur 8, 101 Reykjavík
Sótt er um að erindi BN050367 verði felld úr gildi skv. beiðni eiganda húss á lóð nr. 9 við Frakkastíg.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

15. **Freyjugata 6** (01.184.523) 102128 Mál nr. BN051544
 140448-4199 Guðmundur Ólafsson, Freyjugata 6, 101 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að sameina rými 0104 sem er "ósamþykkt íbúð" og rými 0103, sem er geymsla íbúðar 0201 í mhl. 01 og stækka þannig "ósamþykkt" íbúð í mhl. 02 á lóð nr. 6 við Freyjugötu.
 Gjald kr. 10.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
16. **Friggjarbrunnur 34-40** (05.053.305) 205960 Mál nr. BN051658
 050380-3359 Raket Björk Gunnarsdóttir, Friggjarbrunnur 40, 113 Reykjavík
 240981-5809 Sigurbjörn I Guðmundsson, Friggjarbrunnur 40, 113 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN042297 þannig að skipt er upp þvottahúsi og komið er fyrir salerni með sturtuáðstöðu í öðrum helmingi þess og útbúin hurð inn í það frá hjónaherbergi í raðhúsi nr. 40 á lóð nr. 34-40 við Friggjarbrunn.
 Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 9. ágúst 2016 fylgir.
 Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
17. **Gnoðarvogur 43** (01.440.301) 219761 Mál nr. BN050572
 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
 540269-6459 Ríkissjóður Íslands, Vegmúla 3, 108 Reykjavík
 Sótt er um samþykki fyrir áður gerðum breytingum, sjá erindi BN045885 í Menntaskólanum við Sund á lóð nr. 43 við Gnoðarvog.
 Erindi fylgir brunahönnun dags. 15. janúar 2016.
 Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
18. **Grettisgata 9** (01.172.235) 101489 Mál nr. BN051151
 591108-0260 Frón íbúðir ehf., Laugavegi 22a, 101 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að breyta fyrirkomulagi í stigahúsi og íbúð á 4. hæð, og til að innrétta skrifstofu og verslun á 1. hæð og breyta íbúðum á 2. og 3. hæð í gististað í flokki V, teg. B, sjá erindi BN048039, í tengslum við Hótel Frón í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 9 við Grettisgötu.
 Jafnframt er erindi BN050223 dregið til baka.
 Erindi fylgir bréf umsækjanda dags. 30. maí 2016 ásamt útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. júlí 2016 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júlí 2016.
 Gjald kr. 10.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
19. **Gylfaflöt 24-30** (02.576.101) 179495 Mál nr. BN051426
 490904-3440 SH fjárfestingafélag ehf, Neðri Hálsi, 270 Mosfellsbær
 700702-2350 Biobú ehf., Neðra-Hálsi, 270 Mosfellsbær

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi rýma 0101, 0102 og 0103 í húsinu á lóð nr. 24-30 við Gylfaflöt.

Gjald kr. 10.100 + 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.

20. **Hafnarstræti 17** (01.118.502) 100098 Mál nr. BN051646

700104-2650 Suðurrhús ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN048060 sem felst í breytingu á innra fyrirkomulagi í spa í kjallara ásamt klæðningu á flóttastiga utanhúss í hóteli á lóð nr. 17 við Hafnarstræti.

Útgáfa 4.03 af brunahönnunarskýrslu fylgir erindi.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fokheldi.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

21. **Hafnarstræti 19** (01.118.503) 100099 Mál nr. BN051647

700104-2650 Suðurrhús ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN048059 sem felst í því að bæta við öryggissvæði fyrir hjólastóla í og við stigahús í hóteli á lóð nr. 19 við Hafnarstræti.

Útgáfa 4.03 af brunahönnunarskýrslu fylgir erindi.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fokheldi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

22. **Hafnarstræti 4** (01.140.204) 100829 Mál nr. BN051618
580215-0410 PHGP ehf., Veltusundi 1, 101 Reykjavík
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álheimum 74, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innréttingum fyrir veitingastað í flokki 3 teg. A fyrir 200 gesti á 2. og 3. hæð, sem felast í að snyrtingu er breytt í móttöku, breytingar í eldhúsi og loftræsing sýnd á 2. hæð og innri skipan sæta á 3. hæð breytt í húsi á lóð nr. 4 við Hafnarstræti (Veltusund 1)
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
23. **Hagatorg Hótel Saga** (01.55.-.97) 106504 Mál nr. BN051668
650893-2989 Bændahöllin ehf., Hagatorgi 1, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta rými fyrir kjötvinnslu í kjallara eldhúss og í tengslum við það er sótt um leyfi fyrir nýju loftinntaki á austurlóð og rými fyrir blásara og útblástursrist við skábraut vörumóttöku við suðurgafli Hótel Sögu á lóð nr. 1 við Hagatorg.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
